



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Setbergi, Fellum í Múlapingi



Rannveig Þórhallsdóttir

2022

Forsíðumynd. Horft til vesturs frá deiliskipulagssvæðinu að Setbergi í Fellum.



© Rannveig Þórhallsdóttir

Unnið fyrir landeigendur að Setbergi í Fellum

September 2022

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
INNGANGUR	4
DEILISKIPULAGSSVÆÐIÐ	4
SKRÁNINGIN	5
SÖGULEGT YFIRLIT	6
SETBERG	6
NIÐURSTAÐA	9
HEIMILDIR	10

Abstract

Archaeological field inspection and registration nr. 2793 was done in August 2022 by Sagnabrunnur, regarding a specific plan of construction by the landsowners at Setberg, Fellabær, Múlaþing. No archaeological remains were found within the registration area, but a well (NM:143:005) was found 180 m SV of the SV end and outside of the area.

Inngangur

Unnin var fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Setbergi, Fellum, Múlaþingi að beiðni landeigenda, en samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en gengið er frá leyfi til framkvæmda. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir og skoða deiliskipulagssvæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða geti leynst undir sverði. Að beiðni landeigenda var starfsmaður Sagnabrunns ehf., Rannveig Þórhallsdóttir fornleifafræðingur ráðin til fornleifaskráningarinnar. Fulltrúi verkkaupa var Helgi Hjálmar Bragason. Verkið fékk verkefnanúmerið 2793 hjá Minjastofnun.

Deiliskipulagssvæðið

Deiliskipulagssvæðið er norðaustan við bæinn Setberg í Fellum, Múlaþingi. Á mynd 1 má sjá afmörkun þess, merкта inn með rauðum línunum.



Mynd 1. Afmörkun skógræktarsvæðisins að Setbergi, Fellum, Múlaþingi sýnt með rauðri afmörkun.

Skráningin

Rannveig Þórhallsdóttir fornleifafræðingur fór á vettvang í fallegu sumarveðri þann 13. ágúst 2022.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Friðun þýðir að óheimilt er að raska, hylja eða á nokkurn hátt breyta fornleifum nema með leyfi og að uppfylltum þeim skilyrðum sem Minjastofnun kann að setja. Óheimilt er einnig að veita leyfi til deiliskipulags og framkvæmda án vettvangskonunnar fornleifa, húsa og mannvirkja skv. 16. gr. laga um menningarminjar og 4. og 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Með því að skrá fornleifar er hægt að taka fullt tillit til þeirra innan deiliskipulagssvæða og koma í veg fyrir að þær verði fyrir skemmdum. Allar fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eru eldri en 100 ára eru friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Árið 1997 var unnin fornleifaskráning á jörðinni Setbergi sem nýtt sem grunnur fyrir þessa fornleifaskráningu.¹ Landeigendum að Setbergi, Helga Hjálmari Bragasyni og Heidiðveigu Agnesi Helgadóttur, var ekki kunnugt um neinar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu. Í náttúru- og minjakorti Helga Hallgrímssonar, *Sveitum og jörðum í Múlaþingi, Kumli og haugfé* og árbókum Ferðafélags Íslands var að finna greinargóðar vísbendingar um fornleifar, sem og við skoðun á túnakortum, jarðabókum og örnefnaskrá.

Sögulegt yfirlit

Þegar fornleifafundir frá fyrstu tíð búsetu í Fellum eru skoðaðir virðist sem Lagarfljótið hafi gegnt mikilvægu samgönguhlutverki á landnáms tíma, enda eru fornir þingstaðir á svæðinu taldir vera við fljótið að Krakalæk, Freysnesi og Þórsnesi. Kumli og grafreitir frá 900-1000 hafa fundist að bæjum í nálægð við Lagarfljótið, s.s. að Rangá, Straumi og Urriðavatni.² Ljóst er að búseta hefur verið umhverfis fljótið á landnáms tíð og því mikilvægt að skoða svæðið vel með tilliti til þess.

Setberg

Setberg er í um 1 km fjarlægð norðvestan við Lagarfljótið. Svæðið sem hér er til skráningar er að miklu leyti skógi vaxið, en eins og áður hefur komið fram vann Helgi Hallgrímsson náttúru- og söguminjakort um af svæðinu árið 1991 vegna fyrirhugaðrar skógræktar. Engar minjar voru þá skráðar á deiliskipulagssvæðinu.³


Jarðarinnar Setbergs var fyrst getið í rituðum heimildum árið 1490. Í fornleifaskráningu frá 1997 voru þrjátíu tóftir skráðar undir minjanúmerinu NM-143, s.s. bæjarhóll (NM-143:001) og fjárhús og hesthús (NM:0143:002, NM-143:003, NM:143:004). Afbýli frá Setbergi var Hrisgerði (NM:143:006), sem nefnd var í eyðibýlaskrá Ásprests árið 1794. Tóftir þess bæjar er að Klapparmó. Réttarklettur (NM-143:007) er 80-100 m S af heimreiðinni heim í Birnufell. Beitarhúsin Húsás (NM-143:008) eru utan og ofan við Brandalækjarós. Efri-Stekkas (NM-143:009) er framan og neðan við Efriblá og brunnur (NM-143:010) er NV af hlöðunni norðan

¹ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands.

² Kristján Eldjárn. (2016). *Kumli og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. Þjóðminjasafn Íslands*, bls. 238-239; Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Hróarstunga og Hjaltastaðapínghá.“ Sagnabrunnur ehf.; minjavefsja Minjastofnunar Íslands sjá www.map.is/minjastofnun/#; vefsja Múlaþings, sjá <https://map.is/mulathing/#>.


³ Helgi Hallgrímsson. (1991). „Skógræktarsvæðið Kross-Ekkjufell-Sel-Urriðavatn-Skógargerði.“ Örnefnastofnun.

bæjar. Túngarður (NM:0143:011) var vestan við bæ. Breiðabrá, (NM-143:013), gerð úr torfi, var um 100 m vestur af bæ. Svarðarmelur (NM:143:014), heimild um svarðargrafir, er neðan við túnið og út af Efriblá (V við þjóðveg og NA af bænum). Stekkur (NM-143:015), grjóthlaðin tóft, er í svonefndum



Mynd 2. Stekkur NM-143:015. Mjöll Snæsdóttir o.fl., 1997, bls. 98.

Stekkabotni, SV við Skrugguvatn. Ásavarða (NM-143:016) er hlíðinni ofan við Hrísgærði og Vörðumýri (NM-143:017) er ofan við Vörðuásmýri. Skrugguvatn (NM-143:018), tröllabústaður, er utan við Stekkabotna og Tröllaskörð (NM-143:019) tröllabústaður, milli Skrugguáss og Kálfafells. Jónsás (NM-143:020), þjóðsögustaður, er fast utan við túnið í Neðri-Blá. Kolás (NM-143:021), á milli Setbergs og Kross. Ferja (NM:143:022) á Setbergsklöpp, við fljótið. Gildruhraun (NM-143:023), út og niður af Brandagili. Tóftir (NM-143:024, NM-143:025 (þrjár tóftir) og NM-143:026) eru N og NV við bæ. Tóft (NM-143:027) er NA af íbúðarhúsi. Brunnur (NM-143:028) og nátthagi (NM-143:029) voru skráð NV við bæ. Tóftir (NM-143:030 (fjórar tóftir) N af steiptum útihúsum.⁴ Engar af þessum minjum er innan deiliskipulagssvæðisins.



Mynd 3. Hleðsla og varða utan deiliskipulagssvæðið til norðurs.


Í örnefnaskrá Setbergs frá 1971 kemur fram að það séu fimm vörður á Vörðuási, ein þeirra heitir Miðmorgunsvarða.⁵ Við vettvangsskoðun sást varða og hleðsla norðan og utan við skráningarsvæðið, en engin innan þess.

Einu minjarnar sem eru samkvæmt Minjavefsjá nálægt skráningarsvæðinu er vatnsból (NM-143:005). Í Minjavefsjá lítur út fyrir að þær séu í um 5 m fjarlægð SV við SV mörk

⁴ Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands, bls. 95-101; Armann Halldórsson. (1974). Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 399.

⁵ Örnefnaskrá Setbergs. (1971). Eiríkur Eiríksson. Örnefnastofnun; Helgi Hallgrímsson. (1991). „Skógræktarsvæðið Kross-Ekkjufell-Sel-Urriðavatn-Skógargærði.“ Örnefnastofnun.

deiliskipulagssvæðisins. Í örnefnaskrá segir: „Uppspretta kemur upp í Bergslág og rennur yzt á túni og er kölluð Lind“.⁶ Samkvæmt Helga Ómari Bragasyni er Lindin í um 180 m fjarlægð SV við SV mörk deiliskipulagssvæðisins. Þar er að finna steinhlaðinn brunn sem var hlaðinn árið 1936. Minjarnar eru því langt utan deiliskipulagssvæðisins og ekki í hættu.



Mynd 4. Lind, NM-143:005, eins og hún er merkt inn á örnefnakort Helga Hallgrímssonar frá 1991.



Mynd 5. Yfirlitsmynd af staðsetningu minja vatnsbóls NM-143:005, þ.e. SV við deiliskipulagssvæðið.

⁶ Örnefnaskrá Setbergs. (1971). Eiríkur Eiríksson. Örnefnastofnun.

Niðurstaða

Engar friðar né friðlýstar fornleifar, né heimildir um þær, fundust á deiliskipulagssvæðinu. Bent er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Helgi Hallgrímsson. (1991). „Skógræktarsvæðið Kross-Ekkjufell-Sel-Urriðavatn-Skógargerði.“ Samantekt um náttúru- og söguminjar og örnefnakort. Örnefnastofnun.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands, sjá www.map.is/minjastofnun/#

Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Hróarstunga og Hjaltastaðaðaþinghá.“ Sagnabrunnur ehf.

Túnakort (1919-1920) fyrir Setberg í Fellum, Norður-Múlasýslu, nú Múlaþingi. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík (testbirting.manntal.is).

Vefsjá Múlaþings, sjá <https://map.is/mulathing/#>.

Örnefnastofnun (1971). *Skrá yfir örnefni að Setbergi, Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, nú Múlaþingi. Uppfletting á nafnid.is*